



Fundur háskólaráðs 12. maí 2005

Fundargerð

Málsnúmer: HI05010007
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Kolbrún Einarsdóttir
Staða: Í vinnslu

Dagsetningar:

Búið til: 06.05.2005
Dags: 12.05.2005

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

08/2005

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2005, fimmtudaginn 12. maí var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mætt voru: Páll Skúlason, Inga Jóna Þórðardóttir, Vilhjálmur Árnason, Þórdís Kristmundsdóttir (varam. Jóns Ó. Skarphéðinssonar), Eiríkur Tómasson, Jóhannes R. Sveinsson, Ásthildur Erlingsdóttir (varam. Önnu Pálu Sverrisd.) og Rögnvaldur Ólafsson.

1. Mál til fróðleiks

1.1 Starfsáætlun Rannsóknþjónustu Háskólans, maí 2005.

1.2 Háskólatorg Háskóla Íslands. Kröfu- og þarfalýsing. Útboð nr. 13857.

1.3 Greinargerð H.Í. um framkvæmd samninga um fjármögnun kennslu og rannsókna
1.1. 2004 – 31.12. 2006, lögð fram á fundi í menntamálaráðuneyti 11. maí 2005.

1.4 Drög að samningi H.Í. og LSH um rannsóknastofu í næringarfræði.

1.5 Fram var lögð ályktun frá Félagi prófessora og Félagi háskólakennara um fjárhagsvanda Háskóla Íslands.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Frumdrög að reglum um styrki til doktorsnema við Háskóla Íslands úr Háskólasjóði Eimskips.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt. Jóhannesi R. Sveinssyni, Þórdísi Kristmundsdóttur og Ásthildi Erlingsdóttur var falið að fara yfir drögin og undirbúa málið fyrir næsta fund í samráði við Ástu Hrönn Maack.

- Frestað

2.2 Tillögur starfshóps um undirbúning meistaranáms í lýðheilsufræði, sbr. fund ráðsins 17. mars sl.

Rektor gerði grein fyrir málinu. Málið var rætt. Rögnvaldi Ólafssyni, Vilhjálmí Árnasyni og Guðmundi R. Jónssyni var falið að fara yfir tillöguna fyrir næsta fund.

2.3 Tillaga að breytingu á XI. kafla reglna Háskólans nr. 458/2000 um læknadeild, vegna náms í geislafræði og lífeindafræði, ásamt tillögu að reglum um inntöku nemenda í námið.

Rektor og Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnsýslu gerðu

grein fyrir málinu.
- Frestað.

2.4 Tillaga verkfræðideildar um meistaranám í verkefnastjórnun (Master of Project Management: MPM), ásamt tillögu að samþykktum um námið og fjárhagsáætlun námsins 2005-2007. Lagt fram minnisblað frá akademískri stjórnslu.

Rektor gerði grein fyrir tillögu verkfræðideildar. Málinu vísað til umsagnar vísindanefndar, kennslumálanefndar og gæðanefndar rektors.

2.5 Tillaga félagsvísindadeildar um breytingu á fjöldatakmörkun í meistaranám í náms- og starfsráðgjöf. Teknir verði inn 25 nemendur í stað 20, sbr. fyrri samþykkt háskólaráðs 10. febrúar sl.

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri, gerði grein fyrir málinu.
- Samþykkt samhljóða.

2.6 Tillaga félagsvísindadeildar um breytingu á inntökuskilyrðum fyrir nýnema í grunnnámi í deildinni.

- Rektor skýrði tillögu félagsvísindadeildar. Málið var rætt ítarlega. Málinu vísað til umsagnar kennslumálanefndar. Rektor falið að standa fyrir viðeigandi reglubreytingum ef samstaða verður um málið.

Fram kom í umræðum að gæta þurfi samræmis um inntökuskilyrði í deildir.

2.7 Skipan fulltrúa Háskólans í samstarfsnefnd H.Í. og Heilsugæslunnar á höfuðborgarsvæðinu, sbr. samning dags. 7. desember 2004.

- Samþykkt að skipa sem fulltrúa Háskólans; deildarforseta hjúkrunarfræðideildar, deildarforseta læknadeildar og formann undirbúningsnefndar lýðheilsunáms, í samstarfsnefndina.

2.8 Drög að skipulagsskrá Samstarfsnets háskóla á Íslandi, samþykkt í samstarfsnefnd háskólastigsins 22. apríl sl. með fyrirvara um samþykki stjórna viðkomandi háskóla.

Rektor gerði grein fyrir drögunum. Málið var rætt ítarlega. Eiríki Tómassyni og Þórði Kristinssyni falið að fara yfir málið.
- Frestað.

2.9 Beiðni hugvísindadeildar um að dr. Kaoru Umezawa verði áfram lektor í japönsku máli og menningu, skv. 12. gr. laga um H.Í., sbr. bréf deildarforseta, dags. 2. maí 2005.

- Samþykkt einróma.

2.10 Framlenging umboðs stjórnar Endurmenntunar.

- Samþykkt einróma að framlengja umboð stjórnarinnar til 30. júní nk.

3. Dagskrá

3.1 Drög að reglum um Stofnun um sjálfbæra þróun og vettvang þverfaglegra rannsókna, sbr. fund ráðsins 7. apríl sl.

- Drögin voru rædd og breytt lítillega og samþykkt einróma. Sjávarútvegsstofnun Háskólans og Umhverfisstofnun Háskólans eru þar með lagðar niður frá 30. júní nk. og stjórn, forstöðumönnum og öðru starfsfólki eru þökkuð störf í þágu stofnananna.

3.2 Fjárveiting til stofnana og verkefna frá 1. júlí til 31. desember 2005. Á fundi háskólaráðs 17. mars sl. var ákveðin fjárveiting til 30. júní í samræmi við tillögur fjármálanefndar. [Sjávarútvegsstofnun, Umhverfisstofnun, Siðfræðistofnun, Alþjóðamálastofnun, Rannsóknastofu um mannlegt atferli].

- Samþykkt að framangreindar stofnanir, utan Sjávarútvegsstofnun og Umhverfisstofnun, fái fjárveitingu út árið 2005 í samræmi við framangreinda tillögu fjármálanefndar.
- Samþykkt með 6 atkvæðum gegn einu að Siðfræðistofnun og Alþjóðamálastofnun fái 250 þ.kr. viðbótarfjárveitingu hvor, árið 2005.
- Samþykkt var að stjórn Sæmundar Fróða, sbr. lið 3.1 fái fjárveitingu út árið 2005 sem ætluð var Sjávarútvegsstofnun og Umhverfisstofnun.

3.3 Fjárhagsáætlun MBA-námsins 2005-2007, sbr. fund ráðsins 7. apríl sl.

Jóhannes R. Sveinsson óskaði eftir því að bókað yrði að fyrirbyggjandi fjárhagsáætlun er afar vel unnin og til fyrirmyndar.

- Samþykkt einróma.

3.4 Tillaga félagsvísindadeildar að breytingu á XVII. kafla reglna Háskólans nr. 458/2000, samantekt mars 2005, sbr. fund ráðsins 7. apríl sl. Lagt fram minnisblað deildarinnar um kostnaðaráhrif og faglegar forsendur.

Þórður Kristinsson gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega.

- Tillagan samþykkt samhljóða.

3.5 Tillaga hugvísindadeildar að breytingu á XIV. kafla reglna Háskólans nr. 458/2000 vegna meistaranáms í íslenskum miðaldafræðum (M.A. in Medieval Icelandic Literature), sbr. fund ráðsins 7. apríl sl. Lagt fram minnisblað deildarinnar um kostnaðaráhrif og faglegar forsendur.

- Tillagan samþykkt samhljóða.

Í tilefni af tveimur síðustu samþykktum sínum ákveður háskólaráð að fela Eiríki Tómassyni, Ingu Jónu Þórðardóttur, Jóhannesi R. Sveinssyni ásamt Guðmundi R. Jónssyni að vinna tillögur um nýtt og betra verklag við undirbúning og afgreiðslu fjárhagsáætlana, ekki síst vegna nýmæla í starfi skólans.

3.6 Tillaga akademískrar stjórnarsýslu að breytingu á 65. gr. reglna Háskólans, sbr. fund ráðsins 7. apríl sl. Lagðar fram umsagnir vísindanefndar, kennslumálanefndar og fulltrúa í ráðgjafarnefnd rektors um gæðamál. Sjá einnig lið 3.7.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Tillögunni var breytt og er nú svohljóðandi:

Í sérstökum tilvikum er deild þó heimilt með samþykki háskólaráðs, að skipuleggja nám til meistaraþrófs án rannsóknatengds lokaverkefnis eða meistaraþrófsritgerðar, enda séu gæði námsins tryggð með öðrum hætti þannig að þau séu sambærileg við annað meistaranám í skólanum.

- Samþykkt einróma.

3.7 Tillaga viðskipta- og hagfræðideildar að breytingu á 96. gr. reglna Háskólans nr. 458/2000, vegna meistaranáms í reikningshaldi og endurskoðun, sbr. fund ráðsins 7. apríl sl.

- Samþykkt samhljóða.

3.8 Drög að verklagsreglum um námsleyfi og orlof annarra en kennara og sérfræðinga, sbr. fund ráðsins 17. mars sl.

- Samþykkt einróma.

Fleira var ekki gert.
Fundi slitið kl. 15.40

